

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður, miðbær, breytt afmörkun suðurhluta.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 1. febrúar 2011 breytingu á mörkum deiliskipulags fyrir Hafnarfjörð, miðbæ frá 1981 að sunnanverðu. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Suðurgötu-Hamarsbraut.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 9. febrúar 2011 nýtt deiliskipulag fyrir Suðurgötu - Hamarsbraut - Strandgötu. Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. mars 2011,

Bjarki Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2011